

## Nefndarálit

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpinu eru verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar skilgreind og heimildir stofnunarinnar til að fylgja eftir ákvæðum um þjónustuskyldur, verðlagningu og samskiptareglur við neytendur og samkeppnisaðila í pósthjónustu og fjarskiptum styrktar.

Minni hlutinn leggur áherslu á að Póst- og fjarskiptastofnun fylgi því eftir að settar séu skilgreindar þjónustukröfur og gæðastaðlar fyrir öryggi og gæði þjónustunnar sem fyrirtæki veita á póst- og fjarskiptamarkaði. Jafnframt er lögð áhersla á að stofnunin hafi bolmagn til að fylgja eftir þeim lögum og reglum sem henni er ætlað að framfylgja í þessum efnum.

Alþingi, 13. mars 2003.

Jón Bjarnason.